

248. fundur Skólanefndar FS

4. desember 2001



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúinn Jórunn Tómasdóttir, Jón Sæmundsson fjármálastjóri og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Starfið á haustönn.
 2. Starfsmannamál.
 3. Fjármál.
 4. Húsnæðis- og byggingarmál.
 5. Önnur mál.

1. Starfið á haustönn.

Skólameistari sagði frá starfinu á haustönn sem hefur gengið vel. Nokkrar breytingar hafa orðið á skólastarfinu, m.a. vegna nýrra inntökuskilyrða og breytinga í kjölfar kjarasamninga kennara. Skólameistari sagði frá breytingum á almennri námsbraut. Nýjar brautir eru tölvubraut og upplýsinga- og fjölmiðlabraut og hefur aðsókn að þeim verið góð. Rætt um að nemendur á þessum brautum gætu unnið að kynningarmyndbandi fyrir skólann; skólameistari kemur með kostnaðaráætlun á næsta fund. Einnig rætt um starfsdeild en þar eru 8 nemendur í vetur. Alls eru nemendur á haustönn 740.

2. Starfsmannamál.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi kennararáðningar. Búið er að auglýsa eftir kennurum og bærust þó nokkrar umsóknir. Skólameistari sagði einnig frá breytingum vegna nýrra kjarasamninga kennara.

3. Fjármál.

Fjármálastjóri sagði frá stöðu mála varðandi fjárhag skólans. Staðan var óljós fram eftir árinu vegna þess að síðasti vetur var óvenjulegur vegna verkfalls kennara. Nú er staðan loks ljós og er hún viðunandi. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með stöðuna og fjármálastjórn skólans. Skólanefnd lýsir áhyggjum yfir fjárveitingum til öldungadeildar og felur formanni og skólameistara að koma þeim á framfæri við menntamálaráðuneyti.

4. Húsnæðis- og byggingarmál.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi undirbúning nýbyggingar en verið er að vinna í málinu.

5. Önnur mál.

- a) Skólameistari kynnti nokkur atriði varðandi skólastarfið, m.a. móttöku nýbúa, kennslu grunnskólanemenda, skólaakstur, leiklistarklúbb og nemendafélagið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari